

# Viðhorf landsmanna til þjónustu og starfa lögreglunnar

Júlí, 2021





### *Lýsing á rannsókn*

Unnið fyrir	Embætti ríkislögreglustjóra
Markmið rannsóknar	Að kanna viðhorf landsmanna til þjónustu og starfa lögreglu
Dagsetning skýrsluskila	12. júlí 2021

### *Ábyrgðaraðilar*

Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Skýrsluhöfundur	Margrét Valdimarsdóttir

Vinsamlegast vísið í skýrsluna á eftirfarandi hátt:  
Margrét Valdimarsdóttir (2021). *Viðhorf landsmanna til þjónustu og starfa lögreglu*. Reykjavík:  
Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.



---

## EFNISYFIRLIT

<b>Helstu niðurstöður .....</b>	<b>4</b>
<b>Inngangur .....</b>	<b>5</b>
<b>Aðferðir .....</b>	<b>5</b>
Úrtak og svörun könnunar .....	5
Úrvinnsla .....	6
<b>Niðurstöður.....</b>	<b>8</b>
Viðhorf til starfa lögreglu.....	8
<i>Aðgerðir lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19.....</i>	<i>8</i>
<i>Mat á árangri lögreglu við að stemma stigu við afbrotum .....</i>	<i>11</i>
Sýnileiki lögreglu.....	14
Aðgengi að lögreglunni.....	17
Traust til lögreglu og viðhorf til heiðarleika og lögmæti lögreglu .....	20
<i>Traust til lögreglu .....</i>	<i>20</i>
<i>Lögmæti lögreglu .....</i>	<i>23</i>
<i>Heiðarleiki lögreglu .....</i>	<i>28</i>
Samskipti við lögreglu.....	29

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Stuðningur landsmanna við aðgerðir lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19 er almennt mikill. Hlutfall landsmanna sem styður aðgerðirnar heilshugar hefur þó lækkað í 81% úr 89% á sama tíma á árinu 2020.
- Mikill meirihluti landsmanna telur lögreglu skila góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi eða byggðarlagi, eða um 85%. Þetta er örlítill lækkun frá því í fyrra. Hlutfall fólks sem taldi lögreglu hafa skilað góðu starfi var í sögulegu hámarki árið 2014 þegar yfir 9 af hverjum 10 taldi lögreglu hafa skilað góðu starfi.
- Mat fólks á sýnileika lögreglu er svipað og það hefur verið undanfarin ár. Tæplega þriðjungur verður var við lögreglu eða lögreglubíl í sínu hverfi eða byggðarlagi oft en einu sínu í viku. Aðeins 6% segjast aldrei sjá lögreglu eða lögreglubíl. Nokkur munur er á sýnileika lögreglu eftir búsetu. Hlutfallslega flestir íbúar í Vestmannaeyjum verða varir við lögreglu oft en einu sinni viku en hlutfallslega færstir íbúar á höfuðborgarsvæðinu.
- Meirihluti telur lögreglu í sínu hverfi eða byggðarlagi aðgengilega, eða rúmlega þrjú af hverjum fjórum. Þetta er smávægileg aukning frá síðustu árum. Mat landsmanna á aðgengi að lögreglu er nokkuð mismunandi eftir því hvar á landinu fólk býr. Sem dæmi þá töldu allir þátttakendur í Vestmannaeyjum lögreglu mjög eða frekar aðgengilega en tæplega 60% íbúa á Suðurlandi.
- Það hefur dregið aðeins úr trausti á lögreglu. Þó segjast rúmlega 8 af hverjum 10 bera traust til lögreglu og starfa hennar. Þetta hlutfall var hæst árið 2018 þegar 87% þátttakanda í könnun báru traust til lögreglu. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af minnkandi trausti meðal fólks í yngsta aldurshópnum (18 til 25 ára). Jafnframt hefur dregið örlítið úr trausti meðal kvenna, sem þó er enn hlutfallslega meira en meðal karla.
- Flestir landsmenn eru því sammála að lögreglan sé lögmætt yfirvald (85%). Hlutfallið lækkar þó niður í 65% þegar spurt er um hvort virða beri ákvarðanir lögreglu jafnvel þó maður telji þær rangar. Mikill meirihluti landsmanna telur lögreglu heiðarlega og að hún vinni í þágu almennings.
- Um 29% landsmanna leitaði eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu á árinu 2020, sem er 6 prósentustigum lægra en árið 2019. Hlutfallslega flestir sem leituðu eftir þjónustu hringdu í Neyðarlínuna (112). Nokkur munur var á hlutfalli þeirra sem leitaði eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu eftir búsetu en tæplega 40% þátttakanda á Vestfjörðum hafði leitað eftir þjónustu lögreglu samanborið við 21% í Vestmannaeyjum. Flestir (yfir 80%) sem leituðu eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu voru ánægðir með þjónustuna.



## INNGANGUR

Að beiðni embætti ríkislögreglustjóra gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands rannsókn með það að markmiði að kanna viðhorf landsmanna til þjónustu og starfa lögreglu. Í skýrslunni er greint frá viðhorfum landsmanna til aðgerða lögreglu vegna COVID-19, til starfa hennar við að stemma stigu við afbrotum, sýnileika og aðgengi að lögreglu, traust til lögreglu og viðhorf til lögmæti hennar og heiðarleika. Þá er greint frá hlutfalli landsmanna sem hefur leitað eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu á árinu 2020 og hversu ánægt eða óánægt fólk var með þjónustuna. Notaðar voru samskonar spurningar og hafa verið lagðar fyrir í könnunum síðustu ára og því hægt að skoða þær breytingar á viðhorfum milli ára. Viðhorf til lögreglu eru jafnframt greind eftir kyni, aldursflokki, lögregluumdæmum og menntun.

## AÐFERÐIR

### Úrtak og svörun könnunar

Tekið var 4.000 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnun á vegum stofnunarinnar. Úrtakið var tvískipt; 2.000 af höfuðborgarsvæðinu og 2.000 af landsbyggðinni. Ekki náðist í 69 einstaklinga (óvirk netföng) en alls svöruðu 2.054 einstaklingar könnuninni og var því heildarsvarhlutfall um 52% á landinu öllu. Könnun var send út 24. maí 2021. Fjórar ítrekanir voru sendar með tölvupósti frá 27. maí til 13. júní 2021. Lokað var fyrir gagnaöflun 18. júní 2021. Svarendur könnunarinnar voru á aldrinum 18 til 90 ára.

**Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnun**

Framkvæmdarmáli	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	24.05.2021-18.06.2021
Fjöldi í úrtaki	4000
Fjöldi svarenda	2054
Brottfall	69
Svarhlutfall	52%

## Úrvinnsla

Niðurstöður könnunarinnar byggja á vigtuðum gögnum þannig að úrtakið endurspegli þýði Íslendinga með tilliti til kyns, aldurs, menntunar og búsetu. Gögnin eru vigtuð til að koma í veg fyrir skekkju sem myndast vegna kerfisbundins brottfalls ákveðinna hópa. Sem dæmi er fólk í eldri aldurshópum líklegra til að taka þátt í könnunum en yngra fólk og því meira brottfall meðal ungs fólks. Upplýsingar um hlutföll hvers hóps í þýði Íslendinga voru fengnar af vef Hagstofu Íslands í júní 2021. Í töflu 2 kemur til að mynda fram að 14% fullorðinna Íslendinga eru á aldrinum 18 til 25 ára en svarendur í þessum aldurhópi voru tæplega 6%.

Spurningalistinn var hannaður af sérfræðingum hjá Ríkislögreglustjóra og hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við skýrsluhöfund. Niðurstöður eru greindar eftir kyni, aldri, menntun og búsetu. Búsetu er skipt upp í lögregluumdæmin níu.

Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (\*). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ( $p < 0,05$ ). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal Íslendinga almennt. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ( $p < 0,01$ ) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ( $p < 0,001$ ). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákn. Skammstöfunin óg merkir að marktektarprófið hafi reynst ógilt vegna fámennis í hópum.

**Tafla 2. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri, menntun og búsetu svarenda og þýði Íslendinga**

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Hlutfall í þýði
<b>Kyn**</b>			
Karl	967	47,1%	51,5%
Kona	1087	52,9%	48,5%
<b>Aldur***</b>			
18-25 ára	119	5,8%	14,0%
26-35 ára	198	9,6%	20,5%
36-45 ára	335	16,3%	17,7%
46-55 ára	401	19,5%	15,8%
56-65 ára	488	23,8%	14,8%
66 ára og eldri	513	25,0%	17,1%
<b>Búseta***</b>			
Höfuðborgarsvæði	1060	51,6%	64,2%
Vesturland	131	6,4%	4,5%
Vestfirðir	33	1,6%	1,9%
Norðurland vestra	57	2,8%	2,0%
Norðurland eystra	266	13,0%	8,3%
Austurland	82	4,0%	2,9%
Suðurland	203	9,9%	7,4%
Vestmannaeyjar	21	1,0%	1,2%
Suðurnes	201	9,8%	7,6%
<b>Menntun***</b>			
Grunnskólamenntun	241	12,1%	32,6%
Framhaldsskólamenntun	778	38,9%	37,4%
Háskólamenntun	934	46,7%	30,0%

Marktækur munur er á hlutfalli í úrtaki og hlutfalli í þýði; \* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ , \*\*\* $p < 0,001$

## NIÐURSTÖÐUR

Í þessum hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar og hefur umfjölluninni verið skipt í eftirfarandi kafla: 1) viðhorf til starfa lögreglu, 2) sýnileiki lögreglu, 3) aðgengi að lögreglu, 4) traust til lögreglu og viðhorf til lögmæti og heiðarleika og 5) samskipti við lögreglu.

### Viðhorf til starfa lögreglu


#### Aðgerðir lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19

Þátttakendur voru spurðir um skoðun sína á aðgerðum lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19. Þessi spurning var einnig lögð fyrir vorið 2020 og má sjá samanburð milli ára á mynd 1. Þrátt fyrir að mikill meirihluti þátttakanda (yfir 80%) styðji nú aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 hefur aðeins dregið úr stuðningnum frá því sem hann var árið 2020. Um 7% þátttakanda styðja aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 en telja hana í sumum tilfellum hafa gengið of langt.

Í töflu 3 er stuðningur þátttakanda árið 2021 greindur eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Þar má sjá að hlutfallslega fleiri konur styðja aðgerðir lögreglu en karlar, eða um 84% kvenna samanborið við rúmlega 77% karla. Þá eru einstaklingar á aldrinum 36 ára og eldri (84,9%-88%) líklegri til styðja aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 heilshugar en þátttakendur á aldrinum 18 til 25 ára (56%).


Stuðningur þátttakanda við aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 er mestur meðal íbúa í Vestmannaeyjum þar sem allir þátttakendur segjast styðja aðgerðir lögreglu heilshugar. Stuðningurinn er hlutfallslega minnstur meðal höfuðborgarbúa. Tafla 3 sýnir jafnframt að stuðningur er meiri meðal þeirra sem hafa lokið háskólaprófi en annarra íbúa. Í öllum tilfellum er munurinn á milli hópa í töflu 3 tölfræðilega marktækur.





**Mynd 1. Hver af eftirfarandi fullyrðingum lýsir best skoðun þinni á aðgerðum lögreglu við að framfylgja reglum og takmörkunum vegna COVID-19? Samanburður milli 2020 og 2021**

**Tafla 3. Hlutfall þátttakenda sem styður aðgerðir lögreglu vegna COVID-19 heilshugar, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun**



Marktækur munur milli hópa \*p < 0,05, \*\*p < 0,01, \*\*\*p < 0,001

## Mat á árangri lögreglu við að stemma stigu við afbrotum

Mikill meirihluti þátttakenda telur lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í hverfi þeirra eða byggðarlagi, eða tæplega 85% sem er tveimur prósentustigum lægra en árið 2020 (sjá töflu 4 og mynd 2).


Á mynd 2 má sjá breytingar sem hafa orðið á hlutfalli landsmanna sem telur lögreglu hafa skilað góðu starfi frá því að mælingar hófust árið 2008. Hlutfallslega flestir töldu lögreglu hafa skilað mjög góðu starfi árið 2009, eða yfir 27% og um 92% þátttakenda töldu hana hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi það ár. Á síðustu árum hefur hlutfall þeirra sem telur lögreglu hafa skilað frekar eða mjög góðu starfi verið um 85%.

Það er marktækur munur á viðhorfum til starfa lögreglu eftir kyni, aldri og búsetu. Konur eru líklegri en karlar til að telja lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi, eða um 87% kvenna en tæplega 82% karla. Ánægja með störf lögreglu er mest í elsta aldurshópnum en hlutfallslega minnst meðal fólks á aldrinum 26 til 35 ára. Þó telja tæplega þrír af hverjum fjórum þátttakendum í yngsta í aldurshópi lögreglu hafa skilað góðu starfi (sjá töflu 5).

Allir svarendur á Vestmannaeyjum og nánast allir á Vesturlandi telja lögreglu hafa skilað góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu byggðarlagi. Hlutfallið er aðeins lægra á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi vestra, þó um 80% í báðum umdæmum. Það er ekki marktækur munur á hlutfalli þeirra sem telja lögreglu hafa skilað góðu starfi eftir menntun.


**Tafla 4. Þegar á heildina er litið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi eða byggðarlagi til að stemma stigu við afbrotum?**

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall	
Mjög góðu starfi	272	18%	1,7%	18%	} <b>84,6%</b>
Frekar góðu starfi	1018	67%	2,0%	67%	
Frekar slæmu starfi	189	12%	2,3%	12%	
Mjög slæmu starfi	46	3%	1,2%	3%	
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1525</b>	<b>100%</b>		0% 25% 50% 75% 100%	
Veit ekki	518				
Vil ekki svara	11				
<b>Alls</b>	<b>2054</b>				



**Mynd 2. Hlutfall landsmanna sem telur lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi/byggðarlagi. Samanburður árána 2008 til 2021 (upplýsingar fyrir 2010 og 2012 vantar)**

**Tafla 5. Hlutfall þátttakenda sem telur lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi eða byggðarlagi, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun**



Marktækur munur milli hópa \*p < 0,05, \*\*p < 0,01, \*\*\*p < 0,001

## Sýnileiki lögreglu

Í töflu 6 kemur fram að um 6% þátttakenda segjast aldrei sjá lögreglu í sínu hverfi eða byggðarlagi. Tæplega þriðjungur verður var við lögreglu oftár en einu sinni í viku (32%) og svipað hlutfall greinir frá því að sjá lögreglu tvisvar til þrisvar í mánuði til vikulega (30%) eða einu sinni í mánuði eða sjaldnar (32%).


Mjög lítil breyting hefur orðið á sýnileika lögreglu á síðustu árum, eins og kemur fram á mynd 3. Hlutfall þeirra sem verður var við lögreglu oftár en einu sinni í viku hefur spannað frá 23% til 35% frá árinu 2013. Sýnileiki var minnstur árið 2017 (23%) en mestur 2014 (35%).

Þegar svör um sýnileika lögreglu var greind eftir bakgrunnspáttum þátttakenda reyndist tölfræðilega marktækur munur á öllum þáttum (sjá töflu 7). Taflan sýnir hlutfall þátttakanda sem séð hafa lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi eða byggðarlagi oftár en einu sinni í viku. Mestur er munurinn eftir búsetu þar sem tæplega 16% höfuðborgarþéttbýna urðu varir við lögreglu í sínu hverfi oftár en vikulega samanborið við rúmlega 84% íbúa í Vestmannaeyjum.

**Tafla 6. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi eða byggðarlagi að jafnaði?<sup>2</sup>**


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oftár en einu sinni í viku	656	32%	2,0%	32%
2-3 í mánuði til vikulega	599	30%	2,0%	30%
Einu sinni í mánuði eða sjaldnar	642	32%	2,0%	32%
Aldrei	126	6%	1,0%	6%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>2023</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	30			
Vil ekki svara	1			
<b>Alls</b>	<b>2054</b>			

<sup>2</sup> Spurt var: Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði (hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmöðlum)?



**Mynd 3. Hversu oft þátttakendur sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi eða byggðarlagi, samanburður árána 2013 til 2021 (upplýsingar fyrir 2015 vantar)**

**Tafla 7. Hlutfall þátttakenda sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi eða byggðarlagi oftár en einu sinni í viku, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun**



Marktækur munur milli hópa \*p < 0,05, \*\*p < 0,01, \*\*\*p < 0,001




## Aðgengi að lögreglunni


Um það bil 24% þátttakenda telja lögreglu mjög aðgengilega og yfir helmingur (53%) telur hana frekar aðgengilega (sjá töflu 8). Eins og kemur fram á mynd 4 hefur mat landsmanna á aðgengi að lögreglu aukist örliðið á síðustu árum. Aðgengi var mest árið 2013 þegar 25% þátttakanda töldu þjónustu lögreglu mjög aðgengilega og 46% töldu hana frekar aðgengilega.

Í töflu 9 er mat þátttakanda á aðgengi lögreglu borið saman milli hópa en þar er eingöngu marktækur munur á svörum eftir búsetu. Allir íbúar í Vestmannaeyjum telja lögreglu mjög eða frekar aðgengilega. Hlutfallslega fæstir íbúar á Austurlandi telja lögregluna aðgengilega, eða tæplega 60%. Hlutfall íbúa á Norðurlandi eystra er einnig lágt í samanburði við önnur svæði, en þar telja tæplega 65% íbúa lögreglu aðgengilega.

**Tafla 8. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá þjónustu eða aðstoð þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi eða byggðarlagi?**


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög aðgengileg	359	24%	1,8%	24%
Frekar aðgengileg	813	53%	2,2%	53%
Frekar óaðgengileg	239	16%	1,6%	16%
Mjög óaðgengileg	112	7%	1,1%	7%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1523</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	494			
Vil ekki svara	37			
<b>Alls</b>	<b>2054</b>			





**Mynd 4. Mat þátttakenda á aðgengi sínu að lögreglunni árin 2008 til 2021 (upplýsingar fyrir 2010 og 2015 vantar)**

**Tafla 9. Hlutfall þátttakenda sem telur lögreglu vera mjög eða frekar aðgengilega í sínu hverfi eða byggðarlagi, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun**



Marktækur munur milli hópa \*p < 0,05, \*\*p < 0,01, \*\*\*p < 0,001

## Traust til lögreglu og viðhorf til heiðarleika og lögmæti lögreglu

### Traust til lögreglu


Þrátt fyrir að mikill meirihluti landsmanna beri traust til lögreglu (80,3%), hefur hlutfall þátttakenda sem eru sammála fullyrðingunni „Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar“ lækkað lítillega frá því sem það hefur verið á síðustu árum (sjá töflu 10 og mynd 5). Traust til lögreglu mældist mest árið 2018 þegar 86% landsmanna treystu lögreglu.


Á mynd 6 má sjá að mesta breytingin á trausti til lögreglu er meðal þátttakenda í yngsta aldurshópnum. Árið 2018 báru 79% þátttakenda á aldrinum 18 til 25 ára traust til lögreglu en aðeins 59% árið 2021. Traust til lögreglu og starfa hennar hefur minnkað lítillega meðal kvenna en nánast ekkert breyst meðal karla. Hlutfallslega fleiri konur en karlar greindu þó frá því að þær bæru traust til lögreglu árið 2021, en sá munur er ekki tölfræðilega marktækur (sjá mynd 6).

Traust til lögreglu og starfa hennar lækkar með auknum aldri. Í töflu 11 kemur jafnframt fram að traust til lögreglu er mest meðal íbúa á Vestfjörðum (91,7%) og á Vesturlandi (90,2%) en minnst í Vestmannaeyjum (74,9%). Fólki sem hefur lokið háskólagráðu er að jafnaði líklegra til að bera traust til lögreglu en þátttakendur með skemmri menntun, eða um 85% háskólamentaðra samanborið við um 76% fólks með grunnskólapróf. Hér er þó líklegt að aldur hafi einhver áhrif; fólki sem hefur lokið háskólaprófi er jafnaði eldra en þau sem hafa lokið grunnskóla eingöngu.


**Tafla 10. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? - Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar**

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	605	31%	2,0%	31%
Frekar sammála	949	49%	2,2%	49%
Hvorki né	193	10%	1,3%	10%
Frekar ósammála	103	5%	1,0%	5%
Mjög ósammála	86	4%	0,9%	4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1936</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	8			
Vil ekki svara	110			
<b>Alls</b>	<b>2054</b>			






**Mynd 5. Hlutfall þátttakenda sem var mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „ég ber traust til lögreglu og starfa hennar“, samanburður árána 2015 til 2021**



**Mynd 6. Breytingar á trausti til lögreglu frá 2018, greindar eftir aldri og kyni**

**Tafla 11. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sammála því að þeir beri traust til lögreglu, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun**




Marktækur munur milli hópa \*p < 0,05, \*\*p < 0,01, \*\*\*p < 0,001

## Lögmæti lögreglu

Viðhorf almennings til lögmætis lögreglu er mikilvægt fyrir störf hennar. Lögmæti lögreglu meðal almennings snýst um það hversu tilbúið fólk er að vinna með og fylgja fyrirmælum lögreglu. Notaðar voru fimm spurningar til að greina mat almennings á lögmæti lögreglu. Spurningarnar má sjá á mynd 7 og í töflum 12 til 16.

Um 85% þátttakanda eru því sammála að lögreglan sé lögmætt yfirvald og að fyrirmælum hennar beri að fylgja. Tæplega 80% er auk þess sammála því að fylgja skuli fyrirmælum þótt einstaklingar séu ósáttir við útkomuna og um 76% eru sammála því að fylgja skuli fyrirmælum þótt einstaklingar skilji ekki ástæðurnar sem lagðar eru til grundvallar. Aðeins lægra hlutfall (um 65%) telur að virða skuli ákvarðanir lögreglu jafnvel þó maður telji þær rangar og tæplega 40% er því sammála að það geti komið upp aðstæður þar sem er í lagi að framfylgja ekki fyrirmælum lögreglu.



**Mynd 7. Lögmæti lögreglu: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?**

**Tafla 12. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Lögregla er lögmætt yfirvald og fyrirmælum hennar ber að fylgja**

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	804	42%	2,1%	42%
Frekar sammála	816	43%	2,1%	43%
Hvorki né	179	9%	1,3%	9%
Frekar ósammála	65	3%	0,8%	3%
Mjög ósammála	55	3%	0,7%	3%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1919</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	23			
Vil ekki svara	112			
<b>Alls</b>	<b>2054</b>			


**Tafla 13. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? - Fylgja skal fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna**

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	779	41%	2,1%	41%
Frekar sammála	728	38%	2,1%	38%
Hvorki né	222	12%	1,4%	12%
Frekar ósammála	112	6%	1,0%	6%
Mjög ósammála	60	3%	0,8%	3%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1901</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	34			
Vil ekki svara	119			
<b>Alls</b>	<b>2054</b>			




**Tafla 14. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Fylgja skal fyrirmælum lögreglu þó maður skilji ekki þær ástæður sem lagðar eru til grundvallar þeim**

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	706	37%	2,1%	37%
Frekar sammála	742	39%	2,1%	39%
Hvorki né	243	13%	1,4%	13%
Frekar ósammála	150	8%	1,2%	8%
Mjög ósammála	70	4%	0,8%	4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1911</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	25			
Vil ekki svara	118			
<b>Alls</b>	<b>2054</b>			



**Tafla 15. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Virða skal ákvarðanir lögreglu jafnvel þó maður telji þær rangar**

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	527	28%	1,9%	28%
Frekar sammála	694	37%	2,1%	37%
Hvorki né	335	18%	1,7%	18%
Frekar ósammála	197	10%	1,3%	10%
Mjög ósammála	140	7%	1,1%	7%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1893</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	35			
Vil ekki svara	126			
<b>Alls</b>	<b>2054</b>			



**Tafla 16. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Það geta komið upp aðstæður þar sem það er í lagi að framfylgja ekki fyrirmælum lögreglu**

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall	
Mjög sammála	244	14%	1,5%	14%	} <b>39,5%</b>
Frekar sammála	460	26%	1,9%	26%	
Hvorki né	439	25%	1,9%	25%	
Frekar ósammála	395	22%	1,8%	22%	
Mjög ósammála	241	14%	1,5%	14%	
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1779</b>	<b>100%</b>		0% 25% 50% 75% 100%	
Veit ekki	159				
Vil ekki svara	116				
<b>Alls</b>	<b>2054</b>				

Niðurstöður í töflu 17 sýna meðaltal allra fimm fullyrðinganna um lögmæti lögreglu. Kvarðinn er frá 1 til 5 þar sem að fimm merkir að lögreglan hafi mjög mikið lögmæti. Almennt er lítill munur á meðaltölum hópanna, en hann er þó marktækur í öllum tilfellum. Niðurstöðurnar sýna að konur eru líklegri en karlar til að upplifa lögregluna sem lögmætt yfirvald, munur milli karla og kvenna er þó lítill. Lögmæti lögreglu eykst með hækkandi aldri, þó er enginn hækkun eftir að 46 ára aldri er náð. Upplifun á lögmæti er mest meðal íbúa á Vesturlandi og á Norðurlandi vestra, en minnst meðal íbúa í Vestmannaeyjum. Það er þó töluverður breytileiki milli íbúa í Vestmannaeyjum, eins og sjá má á staðalfráviki þess hóps. Fólk með grunnskólapróf eingöngu er með örlítið lægra meðaltal (3,7) samanborið við fólk með framhaldsskólamenntun eða háskólamenntun (3,8).

**Tafla 17. Lögmæti lögreglu. Meðaltal spurninga um lögmæti lögreglu, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun<sup>3</sup>**

	Heildarfjöldi eftir vigtun	Meðaltal	Staðalfrávik	Meðaltal
<b>Heild</b>	1933	3,8	0,9	3,8
<b>Kyn**</b>				
Karl	970	3,7	1,0	3,7
Kona	963	3,8	0,8	3,8
<b>Aldur***</b>				
18-25 ára	227	3,2	1,0	3,2
26-35 ára	368	3,5	1,0	3,5
36-45 ára	357	3,9	0,8	3,9
46-55 ára	318	4,0	0,8	4,0
56-65 ára	307	4,0	0,7	4,0
66 ára og eldri	355	4,0	0,7	4,0
<b>Búseta**</b>				
Höfuðborgarsvæði	1218	3,7	0,9	3,7
Vesturland	92	4,0	0,7	4,0
Vestfirðir	29	3,8	0,6	3,8
Norðurland vestra	40	4,0	0,7	4,0
Norðurland eystra	176	3,9	0,7	3,9
Austurland	57	3,9	0,6	3,9
Suðurland	151	3,9	0,8	3,9
Vestmannaeyjar	24	3,6	1,4	3,6
Suðurnes	146	3,7	0,9	3,7
<b>Menntun*</b>				
Grunnskólamenntun	557	3,7	1,0	3,7
Framhaldsskólamenntun	717	3,8	0,9	3,8
Háskólamenntun	581	3,8	0,8	3,8

Marktækur munur milli hópa \*p < 0,05, \*\*p < 0,01, \*\*\*p < 0,001

<sup>3</sup> Kvarðinn er frá 1 til 5, þar sem 5 merkir að allir svarendur í viðkomandi hópi hafi verið mjög sammála öllum fullyrðingunum um lögmæti. Staðalfrávik segir til um hversu mikill breytileiki var á svörum milli þátttakanda í hverjum hópi. Því hærra staðalfrávik því meiri er breytileiki milli svaranda í hverjum hópi.

## Heiðarleiki lögreglu

Notaðar voru tvær spurningar til að skoða mat þátttakanda á heiðarleika lögreglu. Dreifing svara við spurningunum gefur til kynna að mikill meirihluti landsmanna telur lögreglu á Íslandi heiðarlega og að hún vinni í þágu almennings. Um 84% svarenda voru frekar eða mjög sammála því að lögreglan í þeirra hverfi eða byggðarlagi væri almennt heiðarleg (sjá töflu 18) og að lögreglan vinni í þágu almennings (sjá töflu 19).

**Tafla 18. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? - Lögreglan í mínu hverfi eða byggðarlagi er almennt heiðarleg**

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	719	44%	2,1%	44%
Frekar sammála	641	39%	2,1%	39%
Hvorki né	187	11%	1,4%	11%
Frekar ósammála	31	2%	0,6%	2%
Mjög ósammála	50	3%	0,7%	3%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1628</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	314			
Vil ekki svara	112			
<b>Alls</b>	<b>2054</b>			


**Tafla 19. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu? - Lögreglan í vinnur í þágu almennings**

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	918	48%	2,2%	48%
Frekar sammála	695	36%	2,1%	36%
Hvorki né	142	7%	1,1%	7%
Frekar ósammála	68	4%	0,8%	4%
Mjög ósammála	90	5%	0,9%	5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1913</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	30			
Vil ekki svara	111			
<b>Alls</b>	<b>2054</b>			

## Samskipti við lögreglu


Tæplega 30% þátttakanda höfðu leitað eftir einhvers konar þjónustu eða aðstoð lögreglu á síðastliðnu ári (2020). Þetta er heldur lægra hlutfall en árið 2019 þegar 35% leitaði til lögreglu (sjá mynd 8). Á mynd 9 kemur fram að af þeim sem leituðu eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu hringdu flestir í Neyðarlínuna (112).

Í töflu 20 er hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir aðstoð eða þjónustu lögreglu skipt upp eftir nokkrum þáttum. Töluverður munur reyndist vera á milli aldurshópa en af þeim sem leituðu eftir þjónustu lögreglu á árinu 2020 voru hlutfallslega flestir á aldrinum 26 til 35 ára (38,7%). Þrátt fyrir nokkurn mun á hlutfalli þátttakanda eftir búsetu er ekki tölfræðilega marktækur munur á milli umdæmanna níu.




**Mynd 8. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu frá 2014 til 2020 (spurt er um árið áður en könnun er lögð fyrir)<sup>4</sup>**

<sup>4</sup> Spurt var: Ef þú hugsar um árið 2020, leitaðir þú eftir þjónustu/aðstoð lögreglu með einhverjum af eftirtöldum hætti?



**Mynd 9. Tegund þjónustu eða aðstoð lögreglu sem þátttakendur leituðu eftir á árinu 2020**

**Tafla 20. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun**



Marktækur munur milli hópa \*p < 0,05, \*\*p < 0,01, \*\*\*p < 0,001

Í töflu 21 má sjá með hvaða hætti fólk leitaði eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu og svörin greind eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Þegar munur á milli hópa er tölfræðilega marktækur er hæsta prósentuhlutfallið feitletrað. Vegna smæðar hópsins eru ekki birtar upplýsingar um hlutfall þátttakanda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu í gegnum 112 vefinn né í gegnum Bjarkarhlíð eða Bjarmahlíð.

Þrátt fyrir að fleiri konur en karlar hafi nýtt sér samfélagsmiðla lögreglu á árinu 2020 er sá munur ekki tölfræðilega marktækur, né þegar aðrar samskiptaleiðir eru skoðaðar. Í öllum tilfellum er marktækur munur eftir aldri. Svarendur í yngsta aldurshópnum eru líklegri til að hafa hringt í neyðarlínuna (29%) en þeir sem eldri eru (7,6 - 23,7%).

Rúmlega 30% íbúa á Vestfjörðum hringdi á neyðarlínuna á síðasta ári samanborið við tæplega 9% íbúa á Suðurlandi. Um 22% svarenda á Vestfjörðum höfðu nýtt sér samfélagsmiðla til að falast eftir þjónustu lögreglu en á Austurlandi hafði um 1% svarenda gert slíkt. Það er jafnframt marktækur munur á hlutfalli íbúa sem fór á lögreglustöð eftir búsetu. Rúmlega 14% íbúa á Austurlandi greinir frá því að hafa farið á lögreglustöð á árinu 2020 miðað við tæplega 2% íbúa á Vestfjörðum.

Þegar svör eru greind eftir menntun þátttakenda má sjá að það er eingöngu marktækur munur á því hversu hátt hlutfall fór á lögreglustöð eða sendi lögreglu tölvupóst. Samkvæmt niðurstöðum í töflu 21 er fólk með grunnskólapróf eingöngu ívið líklegra en aðrir til að hafa farið á lögreglustöð. Um 4% svarendur með háskólapróf höfðu sent lögreglunni tölvupóst sem er aðeins hærra hlutfall en meðal þeirra með framhaldsskólanám (3%) og grunnskólanám (2,3%).





**Tafla 21. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu, greint eftir samskiptaleið, kyni, aldri, búsetu og menntun**

	Hringdi í neyðarlínuna	Hringdi á lögreglustöð	Nytti mér samfélagsmiðla	Fór á lögreglustöð	Sendi lögreglunni tölvupóst	Í gegnum heimasíðu lögreglunnar
<b>Kyn</b>						
Karl	16,1%	8,1%	4,9%	6,7%	3,1%	1,9%
Kona	16,3%	7,4%	8,4%	6,1%	3,2%	1,2%
<b>Aldur</b>	***	***	***	***	***	***
18-25 ára	<b>29%</b>	6,4%	10,4%	<b>10%</b>	0,9%	1,8%
26-35 ára	23,7%	11,5%	<b>11,2%</b>	7,9%	<b>5,6%</b>	2,2%
36-45 ára	14,9%	<b>11,7%</b>	10,0%	7,3%	3,1%	<b>3,6%</b>
46-55 ára	13,8%	5,5%	4,9%	4,7%	3,2%	1,1%
56-65 ára	11,5%	6,8%	2,5%	6,4%	4,4%	0,1%
66 ára og eldri	7,6%	3,9%	1,5%	3,1%	1,0%	0,2%
<b>Búseta</b>	**		**	**		
Höfuðborgarsvæði	18,3%	7,1%	6,9%	4,9%	3,7%	1,9%
Vesturland	9,2%	9,9%	6,0%	9,5%	2,0%	0,7%
Vestfirðir	<b>30,1%</b>	0,0%	<b>22,2%</b>	1,8%	1,5%	1,6%
Norðurland vestra	11,5%	9,2%	3,0%	8,7%	0,0%	1,5%
Norðurland eystra	12,3%	10,0%	6,3%	11,5%	1,5%	0,0%
Austurland	14,9%	13,3%	1,2%	<b>14,1%</b>	4,8%	7,2%
Suðurland	8,5%	9,6%	1,4%	7,9%	2,5%	0,8%
Vestmannaeyjar	9,6%	5,3%	3,1%	11,7%	0,0%	0,0%
Suðurnes	15,7%	6,7%	10,7%	6,1%	2,8%	0,0%
<b>Menntun</b>				***	*	
Grunnskólanám	17,3%	8,5%	8,6%	<b>9,3%***</b>	2,3%*	1,5%
Framhaldsskólanám	15,3%	7,4%	4,6%	5,3%	3,0%	1,5%
Háskólanám	16,9%	7,9%	7,9%	4,9%	<b>4,0%</b>	1,9%

Marktækur munur milli hópa \*p < 0,05, \*\*p < 0,01, \*\*\*p < 0,001

Flestir sem leituðu til lögreglu á árinu 2020 eru ánægðir með þjónustuna eða aðstoðina sem þeir fengu. Þegar á heildina er litið voru yfir 80% þeirra sem leita til lögreglu ánægðir (sjá töflu 21). Mest var ánægjan meðal þeirra sem leituðu til lögreglu í gegnum Bjarkarhlíð/Bjarmahlíð. Ánægjan var minnst meðal þeirra sem sendu lögreglu tölvupóst eða leituðu til lögreglu í gegnum heimasíðuna, þó nokkuð yfir helmingur í báðum tilvikum (sjá mynd 10).

**Tafla 22. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þjónustu/aðstoð lögreglu árið 2020?**



**Mynd 10. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu og var mjög eða frekar ánægð með þjónustuna, greint eftir samskiptaleið**